

Brjef Stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um takmörk verslunarlóðarinnar á Suðureyri í Súgandafirði. **39**
7. maí

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 17. f. m., hafa hingað borist tillögur sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu um takmörk verslunarlóðarinnar á Suðureyri í Súgandafirði, sem með lögum nr. 36, 5. desember 1899, varð löggiltur verslunarstaður, ásamt tillögum hreppsnefndar Suðureyrarhrepps viðvíkjandi hinni fyrirhuguðu verslunarlóð og upprætti af henni.

Út af þessu er hjermeð svæði það, sem reisa má á verslunarhús á Suðureyri, sett eftir framangreindum tillögum og upprætti sem hér segir:

Úr neðra girðingarhorni fyrir innan íshúsið og upp í efra girðingarhorn, þaðan bein lína í efri hafnarmerki og þaðan í neðri hafnarmerki og beina línu út til sjávar.

Jafnframt því að tjá yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda upprætti verði geymt með skjólum hlutaðeigandi hrepps, og hreppsnefndin láti setja og halda við á kostnað hreppssjóðs glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð verkamanna- og sjómanna-fjelaganna í Reykjavík«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af fjármálaráðherra Íslands 16. 16. apríl 1920. **40**
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð verkamanna- og sjómanna-fjelaganna í Reykjavík.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Styrktarsjóður verkamanna- og sjómanna-fjelaganna í Reykjavík.

2. gr.

Við sölu botnvörpunga, er fram fór árið 1917 var það skilyrði af landsstjórnarinnar hendi fyrir samþykki sölunnar, að nokkru af söluverðinu yrði varið til bóta fyrir atvinnutjón handa fólki, sem atvinnu hefir haft af fiskiveiðum, á sjó og landi. Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum hluta þessa fjár, samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 3. apríl 1909.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn kosnir til þriggja ára, í fyrsta sinni árið 1920; árið 1921 gengur eftir hlutkesti einn maður úr stjórninni og skal þá maður kosinn í hans stað til 3 ára. Árið 1922 gengur annar þeirra stjórnenda sjóðsins, er kosnir voru 1920 úr stjórninni eftir hlutkesti og skal þá kosinn í hans stað maður til 3 ára. Síðan gengur ár hvert sá stjórnandinn úr stjórninni, sem lokið hefir kjörtímabili sínu.

Kosning í stjórn sjóðsins skal fara fram í janúarmánuði ár hvert. Fulltrúaráð verka-lýðsfjelaganna í Reykjavík kys stjórnina.